

Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, föstudaginn 4. október 2019, kl. 12:30

Sandra Brá Jóhannsdóttir, formaður stjórnar, bauð fundarmenn velkomna og lagði til að Jón Páll Hreinsson myndi stýra fundi. Var það samþykkt. Ingibjörg Hinriksdóttir skráði niður eftirfarandi fundargerð.

Skýrsla stjórnar

Því næst flutti Sandra skýrslu stjórnar. Í henni kom m.a. fram að breytingar urðu á stjórn samtakanna þegar Pétur Kr. Markan hætti sem sveitarstjóri í Súðavíkurbhreppi og þar með í stjórn. Einnig lét Helga Guðrún Jónasdóttir, af störfum hjá Sambandi íslenskra og þar með hjá SKKS, við starfi hennar sem starfsmaður samtakanna tók Ingibjörg Hinriksdóttir.

Stjórnin fundaði fjórum sinnum á milli ársfunda en að auki átti starfsmaður samtakanna og formaður fund með framkvæmdastjóra Orkuseturs og framkvæmdastjóra Varmalausna sl. vor og kynntu sér fjarvarmaveitulausnir.

Undanfarin ár hefur verið í gangi vinna í starfshópi, skipuðum af atvinnuvega- og nýsköpunaráðherra, um langtíma Orkustefnu fyrir Ísland sem samkvæmt skipunarbréfi á að leggja fram stefnuna í byrjun árs 2020. Fyrri stjórn samtakanna lagði til við ráðherra að skipaður yrði minni starfshópur með aðkomu samtakanna sem hefði það hlutverk að skilgreina hagsmuni sveitarfélaga á köldum svæðum, kortleggja vandann og koma hagsmunum og sjónarmiðum okkar til starfshópsins sem vinnur að Orkustefnunni. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefndi nú í sumar formann samtakanna sem sinn fulltrúa í starfshópnum. Starfshópurinn hefur ekki enn verið kallaður saman.

Stjórn samtakanna ákvað fljótlega á starfsárinu að nauðsynlegt væri að skerpa á áherslum og baráttumálum samtakanna, og forgangsraða þeim. Unnið hefur verið að undirbúningi stefnumótunar frá síðasta ársfundi, í þeim tilgangi að stjórnin hafi skýra sýn á hvaða leiðir sveitarfélög á köldum svæðum vilji að settar verði á oddinn gagnvart ríkisvaldinu og ekki síst sem upplegg okkar inni langtímaorkustefnu fyrir landið allt. Íbúar á köldum svæðum er dagsdaglega að vinna að verkefnum til lækkunar húshitunar kostnaðar eins og varmadæluvæðingu og boranir eftir heitu vatni. Slíkar aðgerðir kalla alltaf á verulegan kostnað hvort sem er stofnkostnað, viðhaldskostnað eða afsal á niðurgreiðslum. Ekkert af þessum kostum eru raunveruleg langtímastefna fyrir íbúa á köldum svæðum og skerðir samkeppnishæfni þessara sveitarfélaga. Það er því réttlætismál að tryggja að íbúar sveitarfélaga á köldum svæðum búi við sömu kjör þegar kemur að húshitun.

Stjórnin taldi að skýra þyrfti betur markmið samtakanna og þá ekki síst með tilliti til þess hvaða leiðir eigi að fara til að markmiðum verði náð. Hluti af undirbúningi slíkrar stefnumótunar var könnun sem gerð var meðal aðildarsveitarfélaga síðsumars. Góð svörun var við könnuninni en 21 af 25 sveitarfélögum svöruðu könnuninni. Helstu niðurstöður leiddu í ljós að jöfnun húshitunar kostnaðar er aðildarsveitarfélögum efst í huga þegar. Mörg þeirra hafa þegar lagt í umtalsverðar fjárfestingar í innviðum til að lækka orkukostnað eða eru að huga að því að fjárfesta í slíkum aðgerðum eða innviðum.

Stjórn boðaði til vinnufundar þann 17. september sl. til Vestmannaeyja. Megintilgangur ferðarinnar var að fá aðildarsveitarfélögin til skrafs og ráðagerða vegna stefnumótunarinnar en einnig að fá fræðslu um helstu áskoranir okkar og þau tækifæri sem eru til staðar í dag en talsverð nýliðun hefur

verið meðal fulltrúa sveitarfélaga undanfarin ár. Um fræðsluna sáu Sigurður Ingi Friðleifsson framkvæmdastjóri Orkuseturs, Benedikt Guðmundsson verkefnisstjóri orku og dreifbýli hjá Orkustofnun, Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar, ásamt því að Ragnari Ásmundsson frá Varmalausnum ehf. kynnti sjóvarmadæluverkefni sem unnið var með HS veitum í Vestmannaeyjum.

Í ferðina mættu fulltrúar frá 8 sveitarfélögum. Farið var með Herjólfri frá Landeyjahöfn að morgni og hófst vinnuferðin með kynningu hjá HS Veitum á sjóvarmadælu sem notuð er til kyndingar í Vestmannaeyjum á stórum hluta bæjarins og var tekin í notkun í lok síðasta árs. Eftir sameiginlegan hádegisverð hélt hópurinn í Þekkingarsetrið í Vestmannaeyjum þar sem Sigurður, Benedikt og Ragnar voru með gagnleg innlegg um þróun jöfnunar á raforkuverði og mögulegar tæknilausnir til lækkunar kostnaðar á húshitun fyrir köld svæði. Góðar umræður voru á fundinum um hvaða áherslur og aðferðafræði samtökin ættu að beita sér fyrir til að ná settum markmiðum. Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar kom einnig á fundinn og fór yfir reynslu þeirra af sjóvarmadælu. Þar sem fundarmenn voru ekki komnir með nóg eftir fundinn í Þekkingarsetrinu var haldið áfram að funda í Herjólfri á leiðinni aftur upp á land og var Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ með kynningu á reynslu þeirra af ýmiskonar varmadælulausnum. Mikil ánægja var með fundinn og leggur stjórnin til að kynnisferðir sem þessi verði árlegur viðburður hjá samtökunum, þannig gefst tækifæri til að skiptast á skoðunum og skerpa baráttumálin.

Næstu skref stjórnar eru að taka betur utan um áherslur aðildarfélaganna, sem birtust í könnuninni, afla haldgóðra upplýsinga sem varpa ljósi á stöðu íbúa og sveitarfélaga á köldum svæðum, hvað varðar orkukostnað, og undirbyggja málflutning okkar og baráttumál.

Þetta eru líklega einu samtök landsins sem hafa það að markmiði að fækka félögum og hætta starfsemi. Um áramót mun aðildarsveitarfélögum fækka um eitt og óskum við Dalvíkurbyggð til hamingju með útgönguna.

Ársreikningar

Jón Páll Hreinsson, lagði fram til afgreiðslu ársreikning SSKS fyrir árið 2018. Ársreikningurinn ber þess merki að árið 2018 hafi umfang samtakanna ekki verið mikið. Tekjur samtakanna voru 729.061 króna og jukust eigið fé og skuldir úr 4.317.365 í árslok 2017 í 5.046.426 í árslok 2018.

Jón Páll lagði til að aðildargjöld samtakanna, sem er í dag 30.000 krónur, verði óbreytt milli ára. Umræður um árgjöld urðu nokkrar og fékk stjórnin hvatningu til þess að nýta fjármuni samtakanna til góðra verka.

Voru skýrsla stjórnar, ársreikningar og tillaga um árgjöld borin upp og samþykkt með öllum atkvæðum.

Stefnumótun stjórnar

Björg Ágústsdóttir sagði frá skoðanakönnun þeirri sem Sandra sagði frá í ársskýrslu sinni. Þar kom m.a. fram að jöfnun húshitunarkostnaðar er aðildarsveitarfélögum efst í huga þegar spurt var um hver væru mikilvægustu verkefni SSKS á næstu misserum. Einnig að þrýsta á um hitaveituvæðingu þeirra svæða sem eiga þess kost. Sveitarfélög innan SSKS eru almennt sammála því að telja megi ástæðu til að ætla að bora megi eftir vatni til húshitunar á þeirra starfssvæði og líta á borun eftir

nýtanlegu vatni sem ásættanlega lausn. Ef ekki finnst heitt vatn á svæðinu telja aðildarsveitarfélögin að varmadælur séu lausn sem henta íbúum á svæðinu.

Fjárfestingar flestra aðildarsveitarfélaga SSKS undanfarin ár í verkefnum sem miðað að því að lækka orkukostnað hafa verið umtalsverðar og hjá flestum er til umræðu að fjárfesta í aðgerðum eða innviðum sem miða að því að lækka orkukostnað sveitarfélagsins eða heimila innan þess.

Björg sagði frá því að stjórnin vildi nýta fjármuni samtakanna til að afla haldgóðra gagna sem sýna stöðuna og eru grunnur fyrir baráttu og forgangsverkefnum.

Björg lauk máli sínu á því að spyrja fundarmenn: Hvað finnst ykkur? Nokkrar umræður spunnust í framhaldinu, m.a. var varpað fram spurningunni hvað er auðlind? Er þorskurinn í sjónum verðmætari auðlind en heita vatnið? Meðal þess sem rætt var um var hitaveituvæðing í dreifbýli þar sem dæmi er um að íbúar hafi neitað að fá hitaveitu vegna mikils stofnkostnaðar. Hvort sveitarfélög sem eru að hluta til með hitaveitu ættu ekki að vera aðilar að samtökunum? Og um endingartíma varmadæla.

Úrsögn úr samtökunum:

Ingibjörg Hinriksdóttir, starfsmaður samtakanna, sagði frá því að Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar, hefði boðað úrsögn Dalvíkurbyggðar úr samtökunum. Mun úrsögnin taka gildi um áramót. Ástæða úrsagnarinnar er sú að hitaveituvæðing sveitarfélagsins er vel á veg komin en 90% húsnæðis er nú kynt með hitaveitu. Óskuðu fundarmenn Dalvíkurbyggð til hamingju með árangurinn og fögnuðu úrsögninni.

Kosningar

Eftirtaldir bjóða sig fram til stjórnar SSKS 2019-2020.

Til aðalstjórnar: Sandra Brá Jóhannsdóttir, Skaftárhreppi, Jón Páll Hreinsson, Bolungarvíkurkaupstað og Björg Ágústsdóttir, Grundarfjarðarbæ.

Til varastjórnar: Aðalheiður Borgþórsdóttir, Seyðisfjarðarkaupstað, Kristján Sturluson, Dalabyggð og Rebekka Hilmarsdóttir, Vesturbyggð.

Voru þau kosin með lófataki

Endurskoðendur: Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ og Jóhannes Á. Jóhannesson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Önnur mál:

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, sagði frá reynslu sveitarfélagsins af varmadælum. Taldi hann að bestu dæluarnar fyrir íslenskan markað væru framleiddar í Svíþjóð og að minnsti hávaðinn kæmi frá dælum sem eru vatn í vatn. Kvað hann lausnina í Vestmannaeyjum vera frábæra en varaði jafnframt við því að slík lausn væri á forræði einkaaðila. Kvað hann ekki víst að Eyjamenn myndu njóta þess þegar sjóvarmadælustöðin þar verður búin að borga sig upp.

Ályktun

Stjórn lagði fram eftirfarandi ályktun til fundarins:

Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, haldinn 4. október 2019, skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að beita sér fyrir auknum niðurgreiðslum hitunarkostnaðar með raforku, þannig að kostnaður þeirra er nota raforku til húshitunar verði ekki meiri en hjá notendum „meðaldýrra“ hitaveitna.

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

Alls mættu 14 fulltrúar frá 9 sveitarfélögum á fundinn

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 14:10.

Ingibjörg Hinriksdóttir, fundarritari